

VIII. KAFLI

Um starfsmenn borgarinnar.

39. gr.

Borgarstjórn ræður forstöðumenn og aðra yfirmenn stofnana og deilda og veitir þeim lausn eftir því, sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerð um sérmál tiltekinnar stofnunar. Borgarstjórn getur falið borgarráði að skipa í ákveðnar stöður.

Stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó borgarstjórn (borgarráði) að ráða í stöðu án slíkrar auglýsingar.

Borgarráð getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um ráðningu í stöður hjá borginni, svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Um réttindi og skyldur starfsmanna borgarinnar gilda ákvæði laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því, sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum borgarstjórnar, sbr. reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar frá 7. desember 1967 með síðari breytingum.

Borgarráð getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið þar á um starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingu á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Ákvæði til bráðabirgða:

Breytingar á kjöri nefnda eða ráða koma til framkvæmda að loknum borgarstjórnarkosningum 1986.

Prátt fyrir ákvæði um kjör fimm fulltrúa í heilbrigðisráð, heilbrigðismálaráð Reykjavík-ur-læknishéraðs og barnaverndarnefnd skal kjósa sjö fulltrúa og jafnmarga til vara þar til breytt hefur verið ákvæðum laga, sem kveða á um fjölda kjörinna fulltrúa.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkurborgar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað að undanskildum ákvæðum 1. gr. og 2. mgr. 7. gr. sem öðlast gildi við kosningar til borgarstjórnar á árinu 1986.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 140 10. ágúst 1964.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana
í Reykjavík o. fl. nr. 137 26. júlí 1971.**

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Fyrir leyfi skv. 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð, kr. 22 900 á ári. Gjald dagar eru 15. janúar og 15. júlí ár hvert. Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 17. janúar 1985 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Reyðarfjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur sá aðalskipulagsuppdráttur fyrir Reyðarfjörð sem staðfestur var af ráðuneytinu 4. ágúst 1983.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna greiðslna sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp.

1. gr.

Sjúkrasamlög skulu greiða heilsugæslustöðvum fyrir rannsóknir og slysamóttöku, sem hér segir:

- a) Fyrir hverja röntgenrannsókn gjald, sem er 15% af A-lið röntgentaxta sjúkrahúsa.
- b) Fyrir hverja slysamóttöku gjald, sem er 30% af B-lið slystaxta sjúkrahúsa.
- c) Fyrir hverja blóðmeina- og meinafarnannsókn gjald, sem er 60% af sérfræðigjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur fyrir utansjúkrahússjúklinga, enda sé rannsókn framkvæmd af þar til hæfu starfsfólki öðru en ríkisstarfsmönnum.

Á reikningi skal tekið fram nafn og samlagsnúmer sjúklings, hvaða dag verkið var unnið, hver vann það og hvert það var.